



THE INTERNATIONAL ASSOCIATION OF
LIONS CLUBS

Fjölumdæmi / Multiple District 109 A
Hlíðasmári 14, IS 201 Kópavogur, ICELAND
Sími/Tel.: +354 561 3122. Netfang /E-mail: lions@lions.is



Lions Clubs International
FOUNDATION

Atkvæðafjöldi klúbba á umdæmis- og fjölumdæmisþingum.

Kjörgengi:

Í lögum Lionsumdæmis 109 um kjörgengi segir í grein 34.

Sérhver klúbbur, fullgildur og skuldlaus við Alþjóðasambandið og fjölumdæmi 109, er skyldur til þess að senda að minnsta kosti einn fulltrúa á umdæmis- og fjölumdæmisþing og tilnefna jafnmarga til vara.

Hefur hver klúbbur eitt atkvæði fyrir hverja tíu félagi, eða meirihluta þess fjölda eins og félagatalan er skráð í skjölum Alþjóðasambandsins á fyrsta degi síðasta mánaðar á undan þeim mánuði sem þing eru haldin. Klúbba deild sem að öllu jöfnu telst hluti fósturklúbbsins skal hafa sömu réttindi og um fullgildan klúbb væri að ræða. Nýti klúbbadeild ekki sinn rétt að fullu eða hluta færist rétturinn að hluta eða öllu leiti yfir til fósturklúbbsins.

Meirihluti sá sem hér er gatið að framan telst fimm félagar eða fleiri. Sérhver fullgildur Lionsfélagi, þótt eigi sé hann kjörinn fulltrúi, á rétt á setu á umdæmis- og fjölumdæmisþingi sem áheyrnarfulltrúi.

Viðbót vegna nýrra klúbba og klúbbdeilda.

Klúbbar sem ekki hafa náð að starfa eitt ár og einn dag þegar þing er haldið eiga rétt á einu atkvæði. Það sama gildir um klúbbadeildir sem að öllu jöfnu teljast hluti af fósturklúbbum.

Dæmi:

10 félagar	1 atkvæði
15 félagar	2 atkvæði
25 félagar	3 atkvæði
35 félagar	4 atkvæði
45 félagar	5 atkvæði
55 félagar	6 atkvæði

Sú venja hefur skapast á Íslandi að klúbbar með færri en 10 félagi haldi réttinum til að fara með 1 atkvæði.